

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 30. júní 2022

EFNI: Umsögn um drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) hefur tekið til umsagnar drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 23. júní sl. Umsagnarfrestur er til 30. júní 2022. Félagið gerir athugasemd við þann skamma frest sem veittur er.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra hryssna sem nýttar eru í blóðtöku, folalda þeirra og stóðhesta sem notaðir eru til fyljunar þeirra. Félagið lýsir yfir stuðningi við tilgang reglugerðarinnar en hefur þó eftirfarandi athugasemdir:

8. gr.

Í 8. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um almennar kröfur til blóðtöku úr fylfullum hryssum. Í e-lið er að finna svohljóðandi kröfu:

„Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.“

Með ákvæðinu hefur heimild til blóðtöku verið takmörkuð við 6 skipti í stað 8 eins og heimilt hefur verið til þessa án þess að takmörkunin sé rökstudd sérstaklega. Í skýrslu starfshóps matvælaráðherra um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem birt var í maí sl. segir eftirfarandi:

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir vísindalega sannreynðar rannsóknir um áhrif þess að taka 5 lítra af blóði vikulega, allt að 8 sinnum, úr íslenskum hryssum á fyrri hluta meðgöngu, byggir starfsemin á áratuga reynslu. Eftirlit með heilbrigði hryssnanna fyrir og eftir blóðtöku er grundvallar þáttur við mat á velferð þeirra, þar með talið hversu vel þær þola blóðtöku sem nemur 5 lítrum vikulega yfir blóðtökutímabilið. Eftirlitið með þessum þætti er því margþætt eins og lýst er að framan. Þar kemur fram að heilsufar hryssnanna er gott og framleiðslusjúkdómar nær óþekktir. Fullt samræmi er milli innra eftirlits Ísteka og ytra eftirlits Matvælastofnunar varðandi heilsufar hryssnanna. Þá eru fyrirbyggjandi mælingar á hemoglóbíni hjá 2391 hryssu yfir 11 ára tímabil sem gefa mynd af blóðbúskap hryssnanna viku eftir hverja blóðtöku eins og vísað er til að framan. Þær mælingar benda til þess að blóðtapið sé innan þeirra marka sem hryssurnar geta mætt með varabirgðum (til skamms tíma) og nýmyndun blóðs (til lengri tíma). Styrkur hemoglóbíns helst því innan viðmiðunarmarka allt blóðtökutímabilið.

Hvergi í skýrslunni er að finna rökstuðning fyrir takmörkun á blóðtöku í 6 skipti í stað 8 skipta. Þvert á móti kemur fram að hryssurnar beri ekki skaða af. Er það til samræmis við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið sem benda til þess að blóðtaka hafi ekki áhrif á heilsu og velferð hryssa þó blóðtakan fari fram 8 sinnum yfir blóðtökutímabilið.


10. gr.

„Kaupanda er óheimilt að flokka greiðslur vegna blóðs eftir því hversu miklar heimtur eru úr hverju hrossi.“

Í framangreindri skýrslu segir um þetta atriði: „Hópurinn leggur einnig til að framleiðsluhvetjandi hvatakerfi sem geta stefnt dýravelferð í hættu verði óheimil.“ Í skýrslunni er ekki að finna rökstuðning fyrir því með hvaða hætti flokkun greiðslna vegna blóðs eftir því hversu miklar heimtur eru úr hverju hrossi stefni dýravelferð í hættu. Verði reglugerðin samþykkt með óbreyttu ákvæði mun þurfa að fjölga hrossum um allt að 1500 til þess að fá sama magn af hráefni. Slíkt er tæpast til samræmis við dýravelferðarsjónarmið en líkt og fram kemur í skýrslunni er heilsufar þeirra hryssa sem sæta blóðtöku gott og því ekki of nærri þeim gengið.

Framangreind ákvæði e-liðar 8. gr og 10. gr. reglugerðarinnar fela í sér takmörkun á atvinnufrelsi félagsmanna FA sem verndað er af 75. gr. stjórnarskrárinnar og eignarrétti þeirra sem verndaður er af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Til að unnt sé að takmarka réttindin þarf samkvæmt 75. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar að kveða á um það í lögum og almannahagsmunir að krefjast þess. Þá setur meðalhófsregla stjórnskipunarréttar löggjafanum takmörk. Í 11. gr. reglugerðarinnar kemur fram að hún sé sett með heimild í 46. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Hvergi í lögunum er kveðið á um þær takmarkanir sem að framan greinir og standast ákvæðin því ekki lagaáskilnaðarreglu stjórnarskrárinnar. Þá er það mat FA að almannahagsmunir krefjist ekki takmarkananna. Eru þær enda hvergi rökstuddar. FA telur þær takmarkanir sem kveðið er á um um í e-lið 8. gr. og 10. gr. reglugerðarinnar því ekki standast 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllst
f.h. FA



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur